



## Reglur um hvatagreiðslur fyrir íbúa 67 ára og eldri, í Reykjaneshæ.

### 1.grein

Reykjaneshæ er heilsueflandi sveitarfélag og er markmið með hvatagreiðslum að hvetja eldri íbúa í Reykjaneshæ til þátttöku í heilsueflandi íþrótt- og tómsfundastarfi og efla almennt heilbrigði og hreysti þessa aldurshóps.

### 2. grein

Niðurgreiðslur ná til félaga og viðurkenndra aðila sem eru með skipulagða kennslu/þjálfun.

Hámarksgreiðsla fyrir hvern iðkanda er 45.000 kr.

Framvísa skal frumriti af greiðslukvittun þáttökugjalds fyrir viðkomandi iðkanda eigi síðar en tveim mánuðum eftir að þátttöku í kennslunni/þjálfuninni lýkur.

**Hafi viðkomandi ekki nýtt sér hvatagreiðslur að hluta eða að fullu falla eftirstöðvar niður um áramót.**



### 3. grein

Skilyrði fyrir veitingu hvatagreiðslu er:

- 🛡️ Iðkandi eigi lögheimili í Reykjanesbæ og verði 67 ára á árinu eða eldri.
- 🛡️ Stundi íþróttatómstundastarf sem stuðli betri heilsu og hreysti.
- 🛡️ Framvísun frumrits af greiðslukvittunum þáttökugjalds iðkanda á tilskildum tíma.

### 4. grein

Sækja skal um Hvatagreiðslur á vefsíðu Sportabler þegar greidd eru æfingagjöld. Þeir aðilar sem ekki eru með slíkt kerfi gefa út kvittun sem að viðkomandi kemur með í Þjónustuver Reykjanesbæjar og fyllir þar út eyðublað. Hvatagreiðslan verður svo greidd inn á reikning viðkomandi við fyrsta tækifæri.

Samþykkt á 43 fundi lýðheilsuráðs þann 21. nóvember 2023